



Golfklúbbur Reykjavíkur

Staðarreglur – Vegna Covid-19



Eftirfarandi staðarreglur eru í gildi á meðan sóttvarnarlæknir gefur út takmarkanir vegna Covid-19

Skor gildir til forgjafar

Golfklúbbur Reykjavíkur ætlast til þess að allir kylfingar virði þessar reglur í einu og öllu, við erum öll Almannaþingarnir

1. Flaggstöng, Óheimilt er að snerta flaggstöngina eða fjarlægja hana úr holunni. Ef flaggstöngin er snert fyrir slysn er það vítalaust.
 - a. Leikmönnum er heimilt að miðjusetja flaggstöngina í holunni á öruggan hátt, sem felur ekki í sér að nota höndina, jafnvel ekki þótt þeir noti hanska eða handklæði (til dæmis með því að nota kylfu). Miðjusetning flaggstangarinnar væri heimil á meðan annar leikmaður leikur (þetta getur verið æskilegt við vindasamar aðstæður þegar skilyrt er að flaggstöngin sé í holunni og hún hallar að leikmanninum sem á að leika).
2. Bolti í holu, Við þær aðstæður þar sem holan er fódruð að innan, t.d. með svamphólk, og boltinn er í holunni, en ekki allur undir yfirborði flatarinnar þá er hann í holu. Meiri líkur en minni eru að hann hvíli upp við flaggstöngina og þá gildir regla 13.2c.
3. Bætt lega í glompu, færa um lengd kylfugrips, þar sem hrfur hafa verið fjarlægðar úr glompu og ástand hennar er mjög ójafnt þá má leikmaður taka vítalausa lausn einu sinni áður en höggið er slegið, með því að leggja upphaflega boltann innan lausnarsvæðis og leika honum þaðan.
 - a. Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1)
 - b. Stærð lausnarsvæðis, mæld frá viðmiðunarstað: lengd kylfugrips (ekki púttar) frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum:
 - c. Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis
 - i. Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn, og
 - ii. Það verður að vera í glompunni.
 - d. Ekki er leyfilegt að slétta lausnarsvæðið áður en boltinn er lagður.
 - e. Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e.
 - f. Víti fyrir að leika bolta á röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.
 - g. Eftir að högg er slegið úr glompu eru kylfingar hvattir til að slétta úr sandinum eins og kostur er.

Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Félagsmenn GR geta sent póst á domari@rgolf.is og fengið úrskurð sinna mála við almennan leik Tilgreina þarf keppnisfyrirkomulag (höggleikur/punktakeppni/holukeppni) + völl og ítarlega staðhætti



Embætti
landlæknis
Directorate of Health